

1961

Föstudaginn 12. desember 1980.

Nr. 123/1978. **Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður
f. h. umboðsmanna lista óháðra kjósenda
í Reykjaneskjördæmi, V listans**

(sjálfur)

gegn

Útvarpsráði

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Lögbann. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 16. júní 1978. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og að viðurkennt verði, að taka hefði átt lögbannskröfu áfrýjanda til greina. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er þess aðallega krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti. Til vara er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar. Þá er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 48. gr. laga nr. 75/1973 hefur málið verið flutt sérstaklega um frávísunarkröfu stefnda.

V listinn, listi óháðra kjósenda í Reykjaneskjördæmi við alþingiskosningar 1978, var skipaður einstaklingum, sem ekki höfðu með sér neins konar skipulagðan félagsskap. Verður að ætla, að Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, sem var efsti maður listans, reki mál þetta vegna sín og annarra frambjóðenda sem málsaðilja.

Líta verður svo á, að útvarpsráði sé stefnt fyrir Hæstarétt vegna Ríkisútvarpsins. Með vísan til 6. gr. útvarpslaga nr. 19/1971 þykir ráðið vera hætt til fyrirsvars, eins og málinu er háttað.

Framboðsþættir þeir, sem lögbannskrafa áfrýjanda fyrir

fógeta laut að, voru allir sýndir í júní 1978 í sjónvarpi. Áfrýjandi krefst þess því ekki lengur, að lögbannskrafan nái fram að ganga. Leiðir það og af eðli lögbanns sem bráðabirgða-aðgerðar og af beinum ákvæðum 26. gr. laga nr. 18/1949, að lögbann verður ekki lagt við athöfnum, sem lokið er.

Krafa áfrýjanda fyrir Hæstarétti er ný krafa. Dómur um hana yrði að efni til dómur um lögmæti þeirra ákvarðana útværpsráðs, sem lögbannskrafan laut að. Um það atriði hefur ekki verið dæmt á fyrra dómstigi. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa máli þessu frá Hæstarétti.

Rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 8. júní 1978.

Gerðarbeiðandi, Sigurður Helgason hæstaréttarlögmaður, hefur krafist þess f. h. umboðsmanna lista óháðra kjósenda í Reykjanesumdæmi, V listans, að lagt verði lögbann á flutning fjögurra fyrirhugaðra sjónvarpsþátta, þ. e. „Framboðsfundur í sjónvarps-sal“ þann 18. júní, „Setið fyrir svörum“ dagana 13. og 14. júní, „Hringborðsumræður“ þann 21. júní og „Lokayfirlit“ þann 24. júní. Krafist er málskostnaðar í máli þessu.

Af hálfu gerðarþola er því mótmælt, að umbeðin gerð nái að ganga fram. Málskostnaðar er krafist til handa gerðarþola.

Málið var tekið til úrskurðar í gær.

Í máli þessu hefur komið fram yfirlit yfir fyrirhugaða kosningadagskrá sjónvarpsins fyrir alþingiskosningar, er fram eiga að fara þann 25. þessa mánaðar. Er skjal þetta lagt fram sem rskj. 2 og er á þessa leið:

„Fyrir alþingiskosningarnar

a. Flokkakynning

Dagana 5., 6. og 7. júní verði sjónvarpað flokkakynningum. Þeir flokkar, sem bjóða fram í öllum kjördæmum, fái 30 mín. til umráða eftir sömu reglum og áður. Aðrir flokkar og framboðslistar fái styttri tíma í samræmi við fjölda fram-

1963

boðslista þeirra. Þættirnir yrðu teknir upp 1. júní og hinn 2. júní.

b. *Framboðsfundur í sjónvarpssal*

Sunnudaginn 18. júní kl. 15:00—18:00 verði framboðsfundur í sjónvarpssal og samtímis útvarpað frá þeim fundi. Ræður verði stuttar og umferðir a. m. k. 5. Aðgöngumiðum fyrir áhorfendur verði dreift jafnt milli flokkanna. Salurinn verði opinn, svo að ræðufólk geti notað hvíldarherbergi. Sjónvarpið velji vanan mann til að stjórna fundinum.

c. *Setið fyrir svörum*

Fulltrúar þeirra flokka, sem bjóða fram í öllum kjördæmum, sitji fyrir svörum í sjónvarpi 13. og 14. júní. Flokkarnir skulu tilnefna spyrjendur úr andstöðuflokki þess, sem situr fyrir svörum. Hver þáttur skal vera 30 mín. og 2 sjónvarpað annað kvöldið, en 3 hitt kvöldið.

d. *Hringborðsumræður*

Miðvikudagskvöldið 21. júní kl. 21:30—23:00 verði hringborðsumræður í beinni útsendingu í sjónvarpi með formönnum flokkanna.

e. *Lokayfirlit*

Laugardagskvöld fyrir kjördag svari einn fulltrúi frá hverjum flokki spurningum fréttamanns sjónvarps: Hvaða mál hefur borið hæst í kosningabaráttunni? Hvað hefur einkennt kosningabaráttuna? Hver eru lokaorð þíns flokks til kjósenda? Hver svari fyrir sig, ekki lengur en 3—4 mínútur.

f. *Flokkakynning* verði í hljóðvarpi, 10 mínútur á alla flokka jafnt. Skal dreifa kynningunni á tímanum kl. 19:30—20:00 dagana 12.—16. júní“.

V listinn, listi óháðra í Reykjaneskjördæmi, hefur fengið aðgang að flokkakynningu í a lið rskj. 2. En gerðarbeiðandi skýrir svo frá, að þann 1. þessa mánaðar hafi útvarpsráð allsendis hafnað kröfum umboðsmanna listans um frekari þátttöku í hinni fyrirhuguðu sjónvarpskynningu, þ. e. skv. b, c, d og e liðum. Í lög-bannsbeiðni er hér talið, að þessi synjun sé brot á rétti aðstandenda listans, og er vísað til 3. gr. laga 19/1971, og ótvírætt, að Ríkisútvarpið skuli í öllu starfi sínu halda í heiðri lýðræðis-

legar grundvallarreglur og gæta óhlutdrægni gagnvart stefnum og flokkum. Nánari grein er gerð fyrir þessum sjónarmiðum í bréfi til formanns útvarpsráðs, dags. 26. maí sl., en það er lagt fram í máli þessu og er á þessa leið:

„Þann 25. maí kl. 11 f. h. voru mættir í fundarherbergi Sjónvarpsins 11 fulltrúar allra þeirra flokka (eða lista), sem bjóða fram við komandi alþingiskosningar. Fimm af þessum fulltrúum eru fyrir starfandi stjórnmalaflokka, fimm fulltrúar þeirra, sem aðeins bjóða fram í einu kjördæmi, og svo einn fulltrúi fyrir flokk, er býður fram í tveimur kjördæmum. Á þessum fundi kom í ljós, að þær upplýsingar, er lágu fyrir um væntanlega dagskrá og tilhögun fyrir komandi alþingiskosningar, voru nú í fyrsta sinn kynnt þeim sex aðiljum, sem ekki höfðu áður starfað sem stjórnmalaflokkar. Einnig var upplýst, að allir fimm starfandi stjórnmalaflokkar höfðu, að því okkur skildist á þessum fundi, haft samráð um alla gerð þessarar dagskrár og fyrirkomulag í þessu sambandi. Á þessum fundi komu fram ákveðin tilmæli frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins að fresta liðnum flokkakynningu, sem fram á að fara dagana 5., 6. og 7. júní, og var ástæðan, að of stutt væri liðið frá sveitarstjórnarkosningum.

Við umboðsmenn lista óháðra kjósenda í Reykjaneskjördæmi getum fyrir okkar leyti fallist á þetta sjónarmið. Að okkar mati komu þó fram á þessum sama fundi aðrar upplýsingar, er snerta tilhögun dagskrár í sjónvarpi, sem við teljum mjög ranglátar og viljum mótmæla kröftuglega, og verður hér á eftir nánar vikið að þessum athugasemdum.

Tekið skal fram, að undrun sætir, að jafn þýðingarmikið mál eins og tilhögun dagskrár fyrir kosningar verði nær einvörðungu útkljáð af fulltrúum starfandi stjórnmalaflokka, sem eðlilega gætu haft hagsmuni af því að takmarka tjáningarmöguleika nýrra framboða af mjög skiljanlegum ástæðum.

Munu nú sett fram okkar sjónarmið.

1. Í hinni almennu flokkakynningu (sbr. liður a.) er þeim, sem bjóða fram í einu kjördæmi, ætlaðar 5 mínútur til kynningar framboði sínu. Hér teljum við, að ekki megi beita höfðatölureglunni, og viljum í því sambandi benda á, að ekki er svo við haft milli stjórnmalaflokkanna, enda þótt stærðarmunur þeirra sé mikill. Það er, að okkar mati, ekki hægt að tala um raunhæfa flokkakynningu, nema lágmarks-tími verði 10—15 mínútur fyrir hvert framboð.
2. Á sama upplýsingarblaði kemur fram, að undir liðunum

b, c, d og væntanlega e er þessum nýju framboðum ekki ætlaður nokkur tími. Hér er um að ræða framboðsfundi í sjónvarpssal, setið fyrir svörum, og hringborðsumræður, eða að frá 7. júní til kosningadags koma aðeins stjórn mála-flokkarnir fram í þessum fjölmiðli. Er þessu fyrirkomulagi harðlega mótmælt, enda stangast slík tilhögun algjörlega á við grundvallarreglur lýðræðis og mannréttinda. Jafnframt er ákvæði um frjálsta stofnun félaga svo og bann við tjáningarfrelsi gróflega brotin með slíkum ákvörðunum.

Við viljum einnig vekja athygli á 3. gr. útvarpslaga, þar sem lýst er, að gæta skuli fyllstu óhlutdrægni gagnvart öllum flokkum og stefnum.

Framangreind tilhögun fær því ekki staðist gagnvart grundvallarreglum laga og verður af okkar hálfu, ef ekki fæst leiðrétting, notað hvert það tækifæri lögum samkvæmt til leiðréttingar á þessu ranglæti.

3. Undir lið f, þ. e. flokkakynning í hljóðvarpi, er öllum flokkum ætlaður jafn tími, verður af okkar hálfu að lýsa undrun yfir þessum rausnarskap. Er engu líkara en slæm samvíska fulltrúa stjórn mála flokkanna hafi ráðið þarna ferðinni.

Verði af hálfu útvarpsráðs fallist á sanngjarnar leiðréttingar á ofangreindum málum, erum við reiðubúnir að sætta okkur við minni tíma en starfandi stjórn mála flokkar í hljóðvarpinu.

Virðingarfyllt.

Umboðsmenn lista óháðra kjósenda,

Dr. Vilhjálmur G. Skúlason,

Sigurður Helgason“.

Bréf þetta ber áritun um móttöku Péturs Guðfinnssonar þann 26. maí 1978.

Málsvörn gerðarþola er á þessa leið, svo sem hún kemur fram í greinargerð:

„Krafa gerðarbeiðanda um, að lagt verði lögbannt við því, að fluttir verði í sjónvarpi fjórir þættir, sem snerta undirbúning kosninga til Alþingis, er reist á þeim rökum, að útvarpsráð hafi með ákvörðun um tilhögun þáttanna mismunað þeim, sem standa að framboði V-Listans í Reykjaneskjördæmi með því að ætla þeim minni rétt en stjórn mála flokkum, sem hafa átt fulltrúa á Alþingi, og þannig brotið gegn ákvæði 1. 19/1971, 3. gr., 3. mgr.

Í lokamálsgrein í rskj. 3 segja fyrirsvarsmenn gerðarbeiðanda, að þeir séu reiðubúnir að sætta sig við minni tíma en stjórn mála-flokkar í hljóðvarpinu. Af þessu má ráða, að þeir telji ekki óeðli-legt, að þeim sé ætlaður nokkru styttri tími í sjónvarpsdagskrá en starfandi stjórn mála flokkum. Gerðarbeiðandi virðist því telja, að útvarpsráð hafi ekki metið réttilega, hvernig skipta ætti kynningar- og umræðutíma í sjónvarpi milli framboðsaðilja. Hann ætlar dómstólunum að meta, hvað sé hæfilegur tími handa V-listanum í sjónvarpsdagskránni, til þess að jafnvægi náist.

Þetta stríðir gegn ákvæðum útvarpslaganna. Í 6. gr. þeirra segir:

„Útvarpsráð tekur ákvarðanir um, hversu útvarpsefni skuli haga í höfuðdráttum og leggur fullnaðarsamþykkt á dagskrá, áður en hún kemur til framkvæmda . . . Ákvarðanir útvarpsráðs um útvarpsefni eru endanlegar.“

Í þessum síðustu orðum liggur, að æðri stjórnvöld en útvarpsráð geta ekki breytt tilhögun dagskrár, og því síður geta dómstólar gert það.

Hvergi er bein lagaheimild fyrir því, að dómstólar geti með dómi bannað, að tilteknir þættir skuli fluttir í sjónvarpi *vegna þess eins*, að ekki hafi verið gætt fyllstu óhlutdrægni, og það leiðir ekki af 60. gr. stjórnarskrárinnar eða grundvallarreglum laga, að dómstólar geti þetta.

Með tilvísun til l. 18/1949, 1. gr. og 26. gr., krefst ég þess, að beiðni þeirri um lögban, sem hér liggur fyrir, verði hafnað, þar sem það er ekki á valdi dómstóla að kveða á um efni sjónvarpsdagskrár og eigi heldur að banna flutning sjónvarpsþátta, þó að telja mætti, að í þeim væri ekki gætt fyllstu óhlutdrægni.

Í 26. gr. l. 18/1949 er gert ráð fyrir, að leggja megi lögban við athöfn stjórnvalds, ef (1) dómstólar eiga úrlausn máls eða (2) telja má þann, sem fer með framkvæmdarvald, hafa farið út fyrir valdsvið sitt.

Útvarpsráð hefir fjallað um stjórn mála kynningu og stjórn mála umræður í sjónvarpi fyrir væntanlegar alþingiskosningar með sama hætti og lengi hefir tíðkast. Sömu sjónarmið liggja að baki ákvörðunum þess og gert hafa við alþingiskosningar á undanförunum árum. Ráðið miðar við, að það sé í samræmi við lýðræðislegar grundvallarreglur að hafa hliðsjón af því, í hve mörgum kjördæmum flokkur hefir menn í framboði, þegar metið er, hve langur tími flokknum er ætlaður í takmörkuðum dagskrártíma til að kynna viðhorf sín og stefnumið.

Það kemur fram í málsskjöllum í þessu máli, að gerðarbeiðandi virðir þessi sjónarmið, þó að hann meti á annan hátt en útvarpsráð, hver séu hin eðlilegu hlutföll milli dagskrártíma stjórnmalaflokkanna.

Útvarpsráð verður með engu móti talið hafa farið út fyrir valdsvið sitt með því að ákveða tilhögun sjónvarpsdagskrár um stjórnmalaumræður á þann hátt sem gert hefir verið. Í l. 18/1949, 26. gr., síðustu málsgrein, felst því ekki heimild til lögbanns af því tilefni, sem gerðarbeiðandi ber fyrir sig. Einnig með tilvísun til þessa lagaákvæðis er þess því krafist, að framkominni beiðni um lögbann verði hafnað.

Ekki er hægt að líta fram hjá því, að lögbann við flutningi þeirra sjónvarpsþátta, sem hér er rætt um, mundi raska mjög rétti annarra stjórnmalaflokka en þeirra samtaka, sem að V-listanum í Reykjaneskjördæmi standa. Verður að telja mjög óeðlilegt og reyndar gagnstætt almennum réttarfarsreglum að kveða upp úrskurð um lögbannsbeiðni þá, sem hér liggur fyrir, án þess að þeim stjórnmalaflokkum sé gefið tækifæri til að gæta réttar síns í lögbannsmálinu, sem orðið geta fyrir verulegri réttarskerðingu, ef fógetarétturinn úrskurðar, að lögbann skuli lagt við flutningi hinna umræddu sjónvarpsþátta.

Ef til lögbanns kemur, verður sjónvarpið að kosta miklu til breyttrar dagskrár á þeim tíma, sem stjórnmalakynningu og umræðum hefir verið ætlaður. Er það mat forráðamanna sjónvarpsins, að kostnaður vegna breyttrar dagskrár verði að minnsta kosti kr. 1.500.000.- á klukkustund, en þættirnir, sem krafist er, að bannað verði að flytja, taka 7½ klst. Kostnaður sjónvarpsins vegna breyttrar dagskrár verður því eigi lægri en kr. 11.250.000.-.

Því hefir verið lýst af hálfu gerðarbeiðanda, að mál út af lögbannsbeiðni þessari verði rekið á öllum dómstigum, ef þörf krefjist. Málskostnaður gæti því orðið mjög mikill, því að um háar fjárhæðir er að ræða. Er þess því krafist, að trygging fyrir greiðslu tjóns og miskabóta verði ákveðin kr. 12.500.000.-“.

Gerðarbeiðandi mótmælir sjónarmiðum þeim, er fram koma í greinargerð gerðarþola, og sérstaklega kröfum um lögbannstryggingu.

Í lögbannsmáli þessu verður ekki lagður á það neinn dómur, hvort rétt var að synja aðstandendum V listans um þá þátttöku í fyrirhugaðri kosningadagskrá sjónvarps, sem þeir halda fram, að þeir eigi heimting á. En þó segja mætti, að þeir séu að einhverju vanhaldnir af ákvörðunum útvarpsráðs í þessu efni, leiðir

1968

engan veginn af því, að þeir eigi rétt til, að þátttaka af hendi annarra framboðslista skuli falla niður. Ber því að neita um hina umbeðnu lögbannsgerð.

Framkomnar málskostnaðarkröfur verða ekki teknar til greina, og fellur málskostnaður niður.

Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögbannsgerð fer ekki fram.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 16. desember 1980.

Nr. 10/1978. **Meyvant Meyvantsson**
(Sigurður Helgason hrl.)
gegn
Steypustöðinni h/f
(Skúli Pálsson hrl.).

Umboð. Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörns-son, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. janúar 1978. Hann krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst þess, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 648.000 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. nóvember 1976 til 20. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31%